

## 20. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 15.09.2016.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir og Eva Hlín Dereksdóttir .

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson.

Þetta var rætt:

1. Hausthátíðin rædd og var almenn ánægja með hana. Þetta er eitthvað sem við eigum eftir að gera í framtíðinni og gott að geta verið í samvinnu í foreldrafélagið með þetta.
2. Finnur og Ella fóru á fund með bæjarstjóra, Guðríði hjá fasteignum, Jóni Birgi, Helga Má og Dagnýju. Þetta var góður fundur og farið vel yfir þau mál sem við höfum verið óánægð með og einnig samskiptin hafa ekki verið í lagi. Það sem kom út úr þessu var að þeir samþykkja ekki Hreystivöllinn þar sem það er stærri biti en við ráðum við með okkar framlagi. Þeir bentu okkur á að fara í atlögu við Íþróttaráð þar sem þetta hefur komið til umræðu þar. En við fengum okkar framlag 2015 í gegn og því eigum við 3.500.000 til ráðstöfunar. Við þurfum að hugsa hratt hvað við viljum gera við þetta. Við lofuðum að senda okkar tillögur sem allra fyrst. Hér er uppkast sem ég vil endilega að þið skoðið og komið með tillögur því við ættum að geta gert þó nokkuð við þessa aura.
3. Finnur hafið samband við Árna Óðinsson og Ingibjörgu Ísaksen sem eru bæði í Íþróttaráði. Þeim leyst vel á hugmyndina að vinna að uppsetningu á hreistivelli með hverfisnefndinni. En við þurfum að klára þetta fyrir áramót og þar sem það eru miklar breytingar í gangi í nefndum og ráðum bæjarins var ekki hægt að ráðast í ákvörðun um þetta mál og því þurfum við að ráðast í plan b hjá nefndinni.
4. Hér eru þær hugmyndir sem ræddar voru og ætlunin er að senda frá okkur.
  1. Að nýji stígurinn við Leikvöllinn á milli Fossagils og Vörðugils verði lagður bundnu slitlagi og lýsingu og að hann verði settur inn á snjómokstursáætlun næsta vetur.  
(úr fundargerð 27. maí 2013)  
„Hverfisnefndin óskar eftir því við Bæjarráð/Framkvæmdaráð að teknir verði peningar úr liðnum “Gangstéttar og stígar” fyrir stígum og lýsingu á umræddum leiksvæði á milli F-gila og V-gila. Einnig þurfa þessi stígar að komast á moksturáætlun svo þeir séu nothæfir fyrir börn á leið til skóla.“
  2. Færa hámarkshraða Merkigils niður í 30 km. Skoða möguleika á að þrengja götuna við gangbrautir eða setja upp hraðahindranir. Einnig er nauðsynlegt að bæta lýsingu á þeim gangbrautum sem fara yfir Merkigil. Þetta er á 4 stöðum sem lýsing er ábótavant.
  3. Setja hraðahindranir á göngustiga þar sem þeir fara yfir götur. Þetta er hugsað þannig að t.d. reiðhjólafólk þurfi að hægja á sér áður en það fer yfir götur. Hugmyndin er járnhlíð með ca. meters millibili eins og víða hefur verið sett.
  4. Fjölga bekkjum við göngustiga, fjölga ruslatunnum á ljósastaurum og einnig við strætóskýli og brettavöll.

5. Hugmynd kom um að mála hjólastíga. Þetta var rætt og kom t.d. hugmynd að skipta stignum sem liggur ofan við skólann og nær frá Borgarbraut norðri að Hlíðarbraut í suðri þannig að einn þriðji af honum væru fyrir hjól og með tilheyrandi merkingu. Sama væri æskilegt að gera á stignum sem er neðan Hlíðarbrautar.
6. Klára göngustíga í hverfinu, t.d. norðurenda Fannagils og Fornagils og tengja við stíg við Merkigil, tengja suðurenda göngustígs neðan Vættagils við stíg sem kemur frá Huldugili og svo tengja þennan stíg upp í suðurenda Vættagils, Valagils og Vesturgils.
7. Gera varanlega göngustíga sem nær upp í Norðurorku.

Nú þarf að ræða þessi mál og koma með lokaniðurstöðu sem allra fyrst og senda á Akbæ.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson

fundaritari.